

**Umsögn Háskóla Íslands um drög að tillögum starfshóps
Vísinda- og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs um
einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu**

26. apríl 2012

Inngangur

Háskóla Íslands hafa borist til umsagnar drög að tillögum starfshóps Vísinda- og tækninefndar Vísinda- og tækniráðs um einföldun á vísinda- og nýsköpunarkerfinu, dags. 26. mars 2012. Drögin hafa verið rædd ítarlega innan Háskóla Íslands, m.a. í háskólaráði, meðal forseta og stjórna fræðasviða og á háskólaþingi.

Háskóli Íslands hefur í rúma öld verið leiðandi afl í uppbyggingu íslensks vísindasamfélags. Skólinn hefur frá 2006 grundvallað starfsemi sína á metnaðarfullri stefnumörkun um heildstæða uppbyggingu vísinda, nýsköpunar og framhaldsnáms á Íslandi. Í þessu starfi var haft samráð við fjölmarga aðila íslensks og alþjóðlegs vísindasamfélags og byggt á alþjóðlega viðurkenndum mælikvörðum um gæði og þeim mikla árangri sem þegar hefur náðst. Byggir umsögn skólans á þessum mikilvægu staðreyndum.

Skýrsla starfshópsins skiptist í two meginhluta og geymir sá síðari margvíslegt ítarefni um háskóla, vísindi og nýsköpun á Íslandi, en í fyrri hlutanum er að finna hinar eiginlegu tillögur starfshópsins.

Háskóli Íslands fagnar því að Vísinda- og tækniráð hefur máls á þessu mikilvæga málefni, en ljóst er að starfshópur ráðsins ræðst í mjög umfangsmikið og flókið verkefni með því að leggja til heildarendurskoðun á hinu íslenska vísinda- og nýsköpunarkerfi. Tillögur starfshópsins virðast að nokkru leyti byggðar á skýrslum erlendra sérfraðinga og innlendar verkefnastjórnar frá 2009, en þó er vikið frá þeim í veigamiklum atriðum.

Helsti veikleiki skýrslunnar er að tillögur í henni eru lítt útfærðar og rökstuddar og víða skortir skilning á margþættu hlutverki háskóla og rannsóknastofnana, sérstaklega í ljósi þess að skýrslan á að taka til alls háskóla- og rannsóknasamfélagsins á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á

innlenda samkeppni og þörf á endurskipulagningu, en ekki er dregið skýrt fram hvað er vel gert og þarf þar af leiðandi fyrst og fremst að efla og styrkja. Í þessu sambandi má benda á frábæran árangur Háskóla Íslands (nr. 277 á lista *Times Higher Education World University Rankings* fyrir tímabilið 2011-2012) og Landspítala-háskólasjúkrahúss (sem var í fremstu röð háskólaspítala á Norðurlöndum í skýrslu Nordforsk frá 2011, *Comparing Research at Nordic Universities using Bibliometric Indicators*). Þá vekur Háskóli Íslands athygli á því að skilgreining meginhugtaka sem notuð eru í skýrslunni er ónákvæm, t.d. „sjálfseignarstofnun“, „sjálfstæður háskóli“, „velferð“, „verðmæti“, „auðlind“ og „atvinnulíf“. Auk þess virðist skýrslan að nokkru leyti unnin án hliðsjónar af stórum hluta þeirra fræðigreina sem stundaðar eru við Háskóla Íslands, hvort heldur sem er á sviðum félags-, heilbrigðis- hug- eða menntavísinda.

Hér á eftir er einkum fjallað um þrjár af meginillögum skýrslunnar, en ekki tekin afstaða til allra tillagna hennar að svo stöddu.

1. Sameiginleg miðstöð doktorsnáms

Í skýrslunni er sett fram tillaga um að komið verði á fót sjálfstæðri miðstöð doktorsnáms sem verði samstarfsverkefni háskóla, rannsóknarstofnana og nýsköpunarfyrirtækja. Miðstöðinni er ætlað að fjármagna styrki til allt að 200 doktorsnema, bæði vegna framfærslu og kostnaðar vegna verkefna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að keppt verði um styrkina á grundvelli gæða verkefna og hæfni stúdenta og leiðbeinenda. Hvað styrki varðar fagnar Háskóli Íslands því að lagt er til að ríkisvaldið komi með svo myndarlegum hætti að fjármögnun doktorsnáms á Íslandi og er það í samræmi við markmið *Stefnu Háskóla Íslands 2011-2016*.

Á hinn bóginn verður ekki annað séð af skýrslunni en að hinni nýju miðstöð doktorsnáms verði ætlað að annast inntöku doktorsnema í íslenska háskóla og felur hún að því leyti í sér stofnun nýs háskóla þar sem inntaka doktorsnema og forræði doktorsnáms er óumdeilt hlutverk háskóla alls staðar í heiminum. Tillagan lítur framhjá þeirri staðreynd að Háskóli Íslands hefur með höndum nær allt doktorsnám á Íslandi, en hann brautskráði 50 doktora á síðasta ári og menntar um 95% doktorsnema hér á landi. Háskóli Íslands er eini háskólinn á Íslandi sem hefur fulla

viðurkenningu og óskilyrta heimild stjórvalda til að bjóða doktorsnám á öllum fræðasviðum sínum, en sú heimild var veitt að undangenginni faglegri úttekt erlendra sérfraeðinga á akademískum styrk og gæðum náms við skólann.

Eftir því sem næst verður komist er ástæða svo róttækrar tillögu um endurskipurlagningu doktorsnámsins sú að tryggja gæði þess. Um mikilvægi þess er ekki deilt. Í skýrslunni skortir hins vegar skilning á þeim fjölbreyttu aðferðum sem hefur verið beitt til að tryggja gæði doktorsnámsins í háskólanum á umliðnum árum. Við Háskóla Íslands er lögð rík áhersla á að tryggja að doktorsnámið sé í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur. Árið 2004 samþykktu háskólaráð og háskólaufundur formleg *Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands* og eru þau nýlega endurskoðuð (fylgir með umsögn). Viðmiðin fjalla um almennar kröfur vegna námsins, faglegar kröfur til doktorsnefnda og andmælenda og efnislegar kröfur til fræðasviða og deilda. Byggja viðmiðin m.a. á stefnumörkun European University Association (EUA) í *Salzburg Principles* (2005) og *Salzburg II Recommendations* (2010), stefnu European Commission, *The European Charter for Researchers* og *The Code of Conduct for the Recruitment of Researchers* (2005). Þá var árið 2009 sett á laggirnar sérstök Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands sem hefur það hlutverk að tryggja og efla gæði doktorsnáms við skólann og fylgja eftir settum viðmiðum og kröfum. Er Miðstöðin formlegur aðili að *Council of Graduate Schools* í Bandaríkjunum og *Council for Doctoral Education* innan EUA. Í reglum um Miðstöðina er gert ráð fyrir því að aðrir innlendir háskólar geti gerst aðilar að henni að uppfylltum tilteknum faglegum skilyrðum. Nýlega hefur verið gerður samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um slíka formlega aðild, þar sem áhersla er lögð á uppbyggingu doktorsnáms við Landbúnaðarháskólann og að hann hlíti þeim faglegu kröfum og viðmiðunum sem Háskóli Íslands hefur sett um doktorsnám og eftirliti sem Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands hefur með höndum. Háskóli Íslands fagnar samstarfi við fleiri háskóla sem bjóða eða munu bjóða upp á viðurkennt doktorsnám. Jafnframt hvetur háskólinn til samstarfs við stofnanir og fyrirtæki um

doktorsnám, en leggur áherslu á það grundvallaratriði að slíkt nám verði ávallt á forræði háskóla.

Í þessu sambandi má einnig benda á að opinberir háskólar á Íslandi, sem samanlagt mennta um 85% háskólanema í landinu, hafa um nokkurt skeið starfað náið saman innan formlegs samstarfsnets, m.a. í því skyni að samhæfa faglegar gæðakröfur, akademíska stjórnsýslu og námsframboð. Mikilvægt er að það samstarf haldi áfram að þróast og taki einnig til doktorsnáms þar sem við á.

Af öllu þessu má ljóst vera að Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands er vel í stakk búin að gegna faglegu hlutverki þeirrar miðstöðvar doktorsnáms á Íslandi sem fjallað er um í skýrslunni. Hún gerir það að verulegu leyti nú þegar. Háskólinn fagnar tillögum um fjölgun doktorsstyrkja og efldu samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. Eðlilegt er að nýjum doktorsstyrkjum verði úthlutað miðlægt af Rannís á grundvelli samkeppni.

2. Fjármögnun háskóla

Sett er fram tillaga sem gengur í meginatriðum út á að hlutföllum við ráðstöfun rannsóknafjár verði breytt þannig að mun hærra hlutfalli verði ráðstafað á grundvelli samkeppni. Í skýrslunni kemur hins vegar ekki afdráttarlaust fram að eigi slík ráðstöfun að þjóna þeim tilgangi að efla rannsóknir í landinu verður hún að fela í sér viðbót við þá afar takmörkuðu fjármuni sem nú eru lagðir í kerfið. Í þessu sambandi má benda á nýja skýrslur Ríkisendurskoðunar, *Rannsóknarframlög til háskóla* (apríl 2012) þar sem lagt er til að kannað verði hvort og að hvaða leyti beina megi nýju fjármagni til samkeppnissjóða, eins og gert hefur verið sumstaðar á Norðurlöndum.

Háskóli Íslands tekur undir það sjónarmið að efla þurfi samkeppni á grundvelli viðurkenndra mælikvarða um gæði og árangur, en leggur höfuðáherslu á að slík tillaga feli í sér aukið fé til reksturs háskóla í samræmi við tölulegar upplýsingar frá OECD. Í nýri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunar OECD, *Education at a Glance 2011, OECD Indicators*, kemur skýrt fram að fjárveitingar til háskólastigsins á Íslandi hafa dregist verulega aftur úr hvort sem miðað er við meðaltal OECD-ríkja eða við

opinber framlög til háskóla á Norðurlöndum. Að meðaltali verja OECD-ríkin 13.717 USD á hvern ársnemanda, en fjárhæðin er 10.429 USD fyrir Ísland. Þessi mismunur samsvarar því að Háskóli Íslands fái **3,6 milljörðum króna** minna framlag árlega en meðalháskóli í OECD-ríkjunum. Hliðstæð fjárhæð fyrir Norðurlöndin er a.m.k. 18.000 USD á hvern ársnemanda. Fyrir Háskóla Íslands samsvarar þessi mismunur **8,3 milljörðum króna á ári**.

Þessi gögn sýna svo ekki verður um villst að stórauka verður grunnfjárveitingu til stærsta og öflugasta rannsóknaháskóla landsins eins og markmið Aldarafmælissjóðs Háskóla Íslands gera ráð fyrir. Traust grunnfjármögnun er lykilforsenda fyrir samkeppnishæfni á alþjóðlegum vettvangi, hvort sem horft er til erlendra samkeppnissjóða, hæfs starfsfólks eða góðra stúdenta.

Þrátt fyrir þann þrónga fjárhagslega stakk sem Háskóla Íslands hefur verið sniðinn á undanförnum árum hefur skólinn í reynd náð undraverðum árangri sem mældur er með viðurkenndum alþjóðlegum mælikvörðum. Eins og að framan greinir hefur þessi árangur nýlega verið staðfestur af einum þekktasta og viðurkenndasta lista yfir bestu háskóla í heimi, *Times Higher Education World University Rankings 2011-2012*, þar sem Háskóli Íslands er nú metinn meðal 2% bestu háskóla af rúmlega 17.000 háskólum í heiminum.

3. Endurskipulagning háskóla- og stofnanakerfisins

Í skýrslunni eru settar fram tvær tillögur sem lúta að skipulagi og rekstrarformi íslenskra háskóla sem báðar víkja frá tillögunum sem settar voru fram 2009: Annað hvort verði háskólar sameinaðir og þeim fækkað í fjóra eða fjöldi háskóla verði óbreyttur en þeir allir gerðir að sjálfseignastofnunum.

Ekki verður séð að fyrri tillagan feli í sér möguleika til hagræðingar sem neinu nemur. Í því sambandi vekur athygli að ekki skuli nefnd sú sameining háskóla sem augljóslega felur í sér mestan fjárhagslegan og faglegan ávinning – sameining Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Háskóli Íslands hefur lýst sig reiðubúinn til viðræðna um slíka sameiningu.

Varðandi síðari tillöguna væri æskilegt að gera greinarmun á mismunandi formi stofnana, eins og gert er í öðrum löndum, og greina þá kosti sem slíkt fyrirkomulag hefði hér á landi. Í þessu sambandi er rétt að minna á að allir íslenskir háskólar eru fjármagnaðir að mestu með opinberu fé og um 80% háskólakerfisins lúta rekstrarformi opinberra stofnana. Æskilegt væri að gera opinbera rekstarformið sveigjanlegra, sérstaklega í ljósi niðurskurðar fjárveitinga á undanförnum árum.

Loks vekur athygli að í skýrslunni er ekki minnst á þann möguleika að tekið verði upp hliðstætt kerfi og tíðkast á hinum Norðurlöndunum og raunar víðast hvar í heiminum og felur í sér að gerður sé skýr greinarmunur á opinberum og einkareknum háskólum. Einkareknir háskólar njóta að jafnaði mjög takmarkaðra opinberra fjárveitinga til kennslu og rannsókna en er á móti heimilt að taka skólagjöld.

4. Samantekt

Háskóli Íslands leggur áherslu á að við endurskoðun vísinda- og nýsköpunarkerfisins verði byggt á eftirtöldum sjónarmiðum:

- Horft verði til þess árangurs sem þegar hefur náðst hér á landi á sviði rannsókna, nýsköpunar og doktorsnáms.
- Það er Háskóla Íslands kappsmál að samkeppnissjóðir um rannsóknir verði efldir með auknum fjárveitingum til vísinda- og nýsköpunarkerfisins. Skólinn bendir jafnframt á að það er forgangsverkefni að hann standi jafnfætis öðrum norrænum háskólum varðandi fjárveitingar.
- Háskóli Íslands fagnar tillögu starfshópsins um að auknu fé verið varið til doktorsnáms og hugmyndum um eflit samstarf við fyrirtæki og stofnanir. Eðlilegt er að nýjum doktorsstyrkjum verði úthlutað miðlægt af Rannís á grundvelli samkeppni.
- Jafnframt leggur háskólinn áherslu á að miðstöð doktorsnáms verði áfram við Háskóla Íslands. Minnt er á að reglur miðstöðvarinnar gera ráð fyrir því að aðrir háskólans geti gerst aðilar að henni að uppfylltum tilteknum faglegum skilyrðum.
- Ef tilgangurinn með einföldun vísinda- og nýsköpunarkerfisins er að nýta betur opinbert fé, blasir við að ráðast í þá sameiningu háskóla

sem bersýnilega felur í sér mestan fjárhagslegan og faglegan ávinnning – sameiningu Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

- Loks leggur Háskóli Íslands til að lykilhugtök sem notuð eru í skýrslunni verði skýrð betur, t.d. „sjálfseignarstofnun“, „sjálfstæður háskóli“, „velferð“, „verðmæti“, „auðlind“ og „atvinnulíf“.